

## H- listinn leggur eftirfarandi tillögu fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu

H listinn leggur til að ráðið verði í starf verkefnastjóra umhverfismála í Djúpavogshreppi frá og með 1. maí – 30. ágúst 2019. Í starfslýsingu verkefnisstjóra verði hans hlutverk m.a.

- Skipuleggja vinnu sumar-starfsmanna áhaldahúss
- Hafa umsjón með gróðursetningu og landbótum í landi sveitarfélagsins.
- Leggja fram tillögur fyrir sveitarstjórn um gróðursetningu og umhirðu á landi í eigu sveitarfélagsins.
- Skipuleggja svæði þar sem íbúar geta verið með sína eigin garða til ræktunar.
- Semja drög að umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið sem lögð verði fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu, sem taki m.a. mið að bættu umhverfi og fræðslu til íbúa varðandi umhverfismál

Markmið tillögu H- listans um ráðningu verkefnisstjóra umhverfismála er að bæta umhverfið, umgengni í sveitarfélaginu og efla umhverfisvitund íbúana.

Tillagan felur í sér að verkefnisstjóri leggi fyrir sveitarstjórn tillögur samhliða gerðar fjárhagsáætlunar um verkefni sem ráðast skal í á fjárhagsárinu. Verkefnin taki á skipulagi skógræktarsvæða og vali á trjágróðri innan sveitarfélagsins. Uppgræðslu á gróðurnauðum svæðum og varnir gegn útbreiðslu framandi tegunda. Almenna tiltekt í sveitarfélaginu.

12. nóvember 2018

Bergþóra Birgisdóttir